



# STARFSEMI ÍPRÓTTAFÉLAGA

LÁRUS L. BLÖNDAL



# ÍPRÓTTIR EÐA EKKI ÍPRÓTTIR



- **Skilgreiningin á því hvað er íþrótt í lögum ÍSÍ:  
„Íþrótt er ástundun líkamlegrar þjálfunar til keppni og heilsuræktar.“**
- Hversu opin viljum við vera gagnvart íþróttum utan skipulagðs starfs?  
Viljum við koma meira að skipulagningu íþróttanna í fyrirtækjum?  
Hvað með Cross-fit og líkamsrækt?
- Víða á Norðurlöndum ætlast stjórnvöld til að íþróttahreyfingin sinni í meira mæli þeim sem eru utan skipulagðrar íþróttastarfsemi með tilliti til lýðheilsuþerfa.
- Systursamtök ÍSÍ á Norðurlöndum hafa brugðist við með því að reyna að vera skrefinu á undan stjórnvöldum, skoða með hvaða hætti er hægt að opna hreyfinguna en samt stýra þróuninni. Með því getur hreyfingin haft meiri áhrif á það hvernig málin þróast í eigin hreyfingu.



# ÍPRÓTTAFÉLÖG/FYRIRTÆKI



## Til umhugsunar:

- **Hnefaleikar** – Hnefaleikafélög hafa sum hver aðstöðu í bardagastöðvum. Ef nafn félaga eru sett í leitarvél á netinu þá koma oft heimasíður stöðvanna upp.
  - ✓ Ekki er alltaf gott að sjá hvar skilur á milli.
- **Ólympískar lyftingar** – sum lyftingafélög hafa aðstöðu í cross-fit stöðvunum
  - ✓ Dæmi um að lyftingafélög séu stofnuð af eigendum/iðkendum cross-fit stöðva
  - ✓ Hætta á að félög sem stofnuð eru með þessum hætti séu ekki rekin með lýðræðislegum hætti.
  - ✓ Keppnisréttur í mótum íþrótta innan ÍSÍ skilyrtur við iðkendaskráningu í félagi innan vébanda ÍSÍ.
  - ✓ Einn helsti vaxtarbroddurinn í lyftingum er í gegnum cross-fit stöðvarnar.
- **Glíma** – hefur aðstöðu í MMA stöð
- Hvernig er hægt að forma þetta betur án þess að stöðva jákvæða þróun íþrótta?



# ÍÞRÓTTAFÉLÖG/FYRIRTÆKI



Sunnudaginn 21. maí verður aðalfundur [REDACTED] haldinn.

Fundurinn verður uppi CrossFit [REDACTED] kl. 16:00.

Á dagskrá verður kosning nýrrar stjórnar ásamt umræðum um framtíð félagsins.

Allir meðlimir [REDACTED] eru velkomnir sem og meðlimir CrossFit [REDACTED].

---

 Líka við

 Skrifa ummæli



# ÍPRÓTTAFÉLÖG/FYRIRTÆKI



- **Dansfélög ÍBH, ÍBR og UMSK– úttekt 2016**

Í kjölfar endurtekinna ábendinga um ógreinileg skil á milli dansfélaga og dansskóla sendi ÍSÍ bréf til ÍBH, UMSK og ÍBR þar sem óskað var eftir því að þau gerðu úttekt á fjárreiðum dansíþróttafélaga innan sinna vébanda með það að markmiði að útiloka hagsmunatengsl á milli ofangreindra aðila. Var vísað til ákvæðis 5.2.c í lögum ÍSÍ um starfsskilyrði í íþróttahreyfingunni ásamt því að minnt var á lögbundið eftirlitshlutverk héraðanna.



# ÍPRÓTTAFÉLÖG/FYRIRTÆKI



## Dæmi af heimasíðu dansskóla/dansfélags:

„Xxx er starfandi íþróttafélag innan dansskólans, var stofnað xxx og var fyrsti formaður þess xxx. Markmið félagsins er að styðja við nemendur skólans á markvissan hátt, m.a. Með því að stuðla að þróun í danskennslu, stuðningi á danskeppnum, halda sýningar innan skólans... o.s.frv.”

## Úr lögum sama félags:

„Kjörgengi hafa foreldrar nemenda við Dansskóla xxx eða nemendur sjálfir eldri en 18 ára”.



# ÍÞRÓTTAFÉLÖG/FYRIRTÆKI



- Íþróttahéruð verða að gera úttektir á starfi íþróttafélaga þar sem grunur er um að ekki sé farið eftir reglum hreyfingarinnar.
- Skoða þarf hvort að ástæða sé til að opna meira fyrir samstarf við greinar/hreyfingu sem við teljum að geti samræmst okkar gildum.
- Stýra þróuninni frekar en að verða fyrir henni.



# KEPPNISHEITI FÉLAGA



## Til umhugsunar:

- **Keilufélög** – Í ákveðnum mótum í keilu er félögum leyft að senda fleiri en eitt lið til keppni og heita þau þá misjöfnum nöfnum en hafa alltaf tilvísun í nafn félags (dæmi KFR-Valkyrjur)
- **Íshokkífélög** – Sama kerfi og í keilu
- **Hvað ef til ágreinings kemur á milli liða innan sama félags, sem ekki verður leyst nema með aðkomu dómstóla? Þarf að finna lausn á því áður en á það reynir.**





# „AUKAFÉLÖG“ og „B-FÉLÖG“



## Til umhugsunar:

- „Dótturfélög“ eða „aukafélög“, stofnuð utan um meistaraflokk karla í knattspyrnu til að þeir sem ekki komast í aðallið „móðurfélagsins“ hafi verkefni.
- Ársreikningi ekki skilað til viðkomandi íþróttahéraðs eða í Felix þar sem allur fjárhagslegur rekstur fer í gegnum stóra félagið.
- Mörg dæmi eru um slík félög út frá stóru félögunum.
- Félag sem eru ekki tengd ákveðnum íþróttafélögum heldur eru stofnuð til m.a. þátttöku í 4. deild í knattspyrnu eða bikarkeppni. Enginn ársreikningur, sjaldnast aðalfundur, erfitt með skýrsluskil. Nokkrir tugir slíkra félaga eru innan ÍSÍ.
- Þarf skýrari línur? Sum íþróttahéruð greiða enga styrki til þessara félaga vegna skorts á barna- og unglíngastarfi en í öðrum héruðum fá félög af þessu tagi styrki, líkt og önnur félög.





## Lög ÍSÍ um réttindi og skyldur félaga:

**5.2.g) Félagsmenn hafi allir sama rétt, þ.m.t. atkvæðisrétt um málefni félagsins, sbr. þó 7. gr**

**Til áréttingar: Félagsmenn í íþróttahreyfingunni eru félagar viðkomandi íþróttafélags en ekki deilda þess.**

### **Dæmi um lög íþróttafélags:**

**8. gr. Aðalfundur félagsins**

...

Allir félagar í xxx geta setið aðalfund sem áheyrnarfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt.

Allir félagar 16 ára og eldri eru kjörgengir sem fulltrúar á aðalfund félagsins.

**Atkvæðisrétt hafa eftirfarandi fulltrúar sem eru skipaðir af stjórn hverrar deildar eða ráðs:**

- 1. 20 fulltrúar knattspyrnudeildar.**
- 2. 15 fulltrúar handknattleiksdeildar.**
- 3. 6 fulltrúar skíðadeildar.**
- 4. 5 fulltrúar borðtennisdeildar.**
- 5. 6 fulltrúar fulltrúaráðs.**
- 6. 5 fulltrúar tennisdeildar.**
- 7. 5 fulltrúar karatedeildar.**
- 8. 5 fulltrúar almenningsdeildar.**



# LAGAMÁL



Annað dæmi:

*9. gr. Kjörgengi og atkvæðisréttur. Fulltrúafjöldi deilda.*

Allir félagsmenn 18 ára og eldri hafa kjörgengi til stjórnarsetu, tillögurétt og málfrelsi á aðalfundi félagsins. Hið sama á við um aukaaðalfund félagsins.

**Atkvæðisrétt hafa eftirtaldir aðilar:**

**a) Aðalstjórnarmenn.**

**b) Stjórnarmenn deilda.**

**c) Heiðursfélagar.**

**d) Fulltrúar kjörnir á aðalfundum deilda. Fjöldi kjörinna fulltrúa hverrar starfandi deildar ræðst af fjölda iðkenda hennar þann 1. desember næst á undan aðalfundi eins og hann er skráður hjá aðalstjórn þannig að einn fulltrúi er kjörinn fyrir hverja 50 iðkendur.**



# LAGAMÁL



## Dæmi:

Allir félagar eldri en 18 ára hafa tillögurétt um lagabreytingar. Tillögur um lagabreytingar skulu berast framkvæmdastjóra félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund og skulu þær liggja frammi á skrifstofu félagsins til fundardags.

Rétt til setu á aðalfundi með málfrelsi og tillögurétti eiga allir félagar eldri en 18 ára.

**Hver deild fær að lágmarki tvö atkvæði á aðalfundi en til viðbótar eitt atkvæði fyrir hverja 100 iðkendur. Þó getur ein deild aldrei fengið meira en 1/3 heildarfjölda atkvæða. Miða skal við iðkendur 19 ára og yngri samkvæmt upplýsingum sem sendar eru til xx vegna undangengins starfsárs. Aðalstjórn skal samhliða boðun aðalfundar reikna út fjölda atkvæða og tilkynna stjórnnum hverrar deildar viku fyrir aðalfund. Stjórn hverrar deildar er í sjálfvald sett að velja fulltrúa á aðalfund sem hafa atkvæðisrétt. Fundarstjóri aðalfundar skal sjá til þess að haldin sé skrá yfir fundarmenn sem hafa atkvæðisrétt áður en gengið er til atkvæðagreiðslu.**





- Framangreind ákvæði úr lögum félaga hafa viðgengist lengi en eru ekki í samræmi við Ólympíusáttmálann og lög ÍSÍ.
- Misbrestur er á því að breytingar á lögum félaga skili sér til ÍSÍ til yfirlesturs.



# LAGAMÁL



- Er verið að skapa traust á starfsemi sem ekki heyrir undir ÍSí með því að tengja það við íþróttafélag innan vébanda ÍSí?
- Ekki er alltaf gott fyrir iðkendur og forsjáraðila að átta sig á því hvað er innan ÍSí og hvað ekki, ef íþróttafélögin bjóða upp á ástundun greina sem eru utan ÍSí.
- Stór munur er á réttindum og skyldum innan hreyfingarinnar og utan (m.a. lyfjaeftirlit, dómstólar, o.fl.)
- Hvernig skal bregðast við? Opna hreyfinguna eða skerpa reglurnar?



# LAGAMÁL



- Dæmi um að íþróttafélag í ÍSÍ kjósi að nota nafn í keppni sem hefur enga tengingu við nafn viðkomandi félags.
- Það ætti að vera sérstakt markmið íþróttahreyfingarinnar að vilja þekkjast og að allir geti alltaf áttað sig á því hver er innan hennar og hver er utan hennar.





# TAKK FYRIR

FORMANNAFUNDUR ÍSÍ 2018

